



Reykjavík, 19. nóvember 2020

SFS2020110122

196. fundur

HG/shs

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Matarþjónusta í grunnskólum Reykjavíkur við takmarkanir vegna Covid í nóvember 2020

Grunnskólar borgarinnar hafa endurskipulagt starf sitt í samræmi við fyrirmæli reglugerðar um takmarkanir á skólastarfi vegna farsóttar sem tók gildi 3. nóvember sl. Starfsemi og þjónusta skólanna hefur markast af þeim takmörkunum sem fram koma í reglugerðinni og varða fjarlægðartakmörk og hólfaskiptingu.

Þetta hefur meðal annars haft í för með sér breytingar á fyrirkomulagi matarþjónustu í hluta grunnskólanna í Reykjavík, einkum í 5. – 10. bekk. Samkvæmt upplýsingum um skipulag skólastarfs á tímabilinu 3. – 17. nóvember, þar með talið matarþjónustu, kemur eftirfarandi fram:

Fjórtán skólar þurftu ekki að gera breytingar á matarþjónustu og buðu öllum nemendum upp á mat í skóla á tímabilinu. Nokkrir þeirra buðu hluta nemenda eða öllum nemendum upp á léttu máltíð í kennslustofu.

Allir grunnskólar buðu upp á mat fyrir 1. – 4. bekk. Tólf grunnskólar buðu nemendum í 5. – 7. bekk upp á mat á skólatíma og þrettán grunnskólar buðu nemendum 8. – 10. bekkjar mat á skólatíma.

Nokkur munur var á möguleikum skólanna til að bjóða eldri nemendum upp á mat eftir skólagerð, þ.e. hvort um væri að ræða heildstæða skóla, skóla fyrir nemendur í 1. – 7. bekk eða skóla fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Algengast var að ekki væri hægt að bjóða nemendum í 5. – 7. bekk upp á mat í skóla vegna fjöldatakmarkana og þess rýmis sem skólarnir höfðu fyrir nemendur til að matast.

Nokkrir skólanna buðu elstu nemendum upp á léttar máltíðir við lok skóladags þar sem nemendur höfðu tækifæri til að fara heim með matinn sem boðið var upp á.

Nánari útlistun eftir skólagerðum má sjá hér að neðan:

- **Heildstæðir skólar (alls 20 skólar)**
 - Allir nemendur fá mat: 9
 - Nemendur í 1. – 4. bekk fá mat: 20
 - Nemendur í 5. – 7. bekk fá mat: 10
 - Nemendur í 8. – 10. bekk fá mat: 10
- **Skólar með 1. – 7. bekk (12 skólar)**
 - Allir nemendur fá mat: 2
 - Nemendur í 1. – 4. bekk fá mat: 12
 - Nemendur í 5. – 7. bekk fá mat: 2
- **Skólar með 8. – 10. bekk (alls 4 skólar)**
 - Allir nemendur fá mat: 3